

Stefna Kvasis í innflytjendamálum

Unnið af starfshópi Kvasis 2010-2011

Egilsstaðir 2011

Inngangur

Á vorkundi Kvasis á Akureyri 19. apríl 2010 var ákveðið að skipa starfshóp til að móta stefnu fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar í málefnum innflytjenda. Áherslan skyldi vera á almennt hlutverk símenntunar þ.e. símenntun, námsframboð og námsþarfir.

Í hópinn voru tilnefnd einn starfsmaður frá hverri miðstöð innan Kvasi:

- Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Jóhann Ingólfsson, Farskólinn Norðurlandi vestra
- Helgi Þorbjörn Svavarsson, Símei
- Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarnet Þingeyinga
- Laufey Eiríksdóttir, Þekkingarnet Austurlands
- Valgerður Gunnarsdóttir, Viska
- Ásmundur Sverrir Pálsson, Fræðslunet Suðurlands
- Sveindís Valdimarsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Selma Kristjánsdóttir, Mímir – símenntun

Laufey Eiríksdóttir kallaði hópinn saman og stjórnaði verkefninu.

Yfirlit yfir framgang verkefnisins.

1. fundur starfshópsins var haldinn á Dalvík 30. ágúst í húsnæði Símeypjar. Á þeim fundi var ákveðið að skipta hópnum í fjóra vinnuhópa sem tækju hver um sig á ákveðnum þáttum.

Verkefnið skiptist þannig milli hópa:

1. Hlutverk símenntunarmiðstöðvanna í málefnum innflytjenda. (Jóhann og Laufey)
2. Markmið þjónustunnar. (Guðrún Vala og Sigurborg)
3. Leiðir og framkvæmd stefnunnar. (Selma, Sveindís og Ásmundur)
4. Mat á þjónustunni. (Helgi, Valgerður og Helena)

Ákveðið var að hóparnir skiluðu greinargerð fyrir 13. október 2010. Verkefnið var unnið með aðstoð „Google docs“ auk þess sem hver hópur hittist eftir því sem tók voru á og héldu vinnufundi.

2. fundur

var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði 14. október 2010. Þá hittist starfshópurinn örstutt áður en áfangaskýrsla (Sjá Markmið og hlutverk Kvasir í innflytjendamálum) var lögð fyrir haustfund Kvasi og í framhaldi af því var opin málstofa um skýrsluna. Á málstofunni gátu gestir haustfundarins komið með athugasemdir og tillögur.

3. fundur

var haldinn í Reykjavík 3. nóvember 2010 í húsnæðis Mímis-símenntunar. Þar var fjallað um athugasemdir og tillögur fundarins í Hveragerði, afrakstur vinnuhópanna og hvernig ætti að haga starfinu áfram. Þar sem hópurinn hafði oft rætt hve erfitt er að fá upplýsingar um innflytjendur var ákveðið að semja bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga í nafni Kvasis og fela stjórn að senda það. Efni bréfsins er að óska eftir samstarfi við sveitarfélögin um málefni útlendinga og að hvetja þau til að setja sér móttökuáætlun sem og að einhver innan sveitarfélagsins beri ábyrgð á að áætluninni sé fylgt (Sjá texti bréfs sem sent var til Sambands íslenskra sveitarfélaga)

4. fundur

var haldinn í Reykjavík 28. febrúar 2011 í húsnæði Mímis. Þar lauk hópurinn verkefninu með sameiginlegri niðurstöðu sem birtist hér í þessari skýrslu.

Hér fyrir neðan má sjá myndir sem teknar voru á 1. vinnufundi hópsins á Dalvík.



Markmið Kvasis í innflytjendamálum	Hvernig má ná markmiðum Kvasis í innflytjendamálum	Hvernig má meta hvort markmiðum Kvasis er náð.
<ul style="list-style-type: none"> ● Að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem taki mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga og efla þar með lífsgæði allra. ● Að innflytjendur geti sótt endurmenntun til fræðslumiðstöðva til jafns við aðra. ● Að þróa námsleiðir sem koma til móts við þarfir innflytjenda. ● Að vera leiðandi hvað varðar nýjungar í tungumálakennslu. ● Að bjóða upp á fjölmenningsfræðslu í þeim tilgangi að draga úr fordómum og auka gagnkvæma aðlögun og virðingu. ● Að stuðla að þjálfun og endurmenntun starfstétta sem koma að málefnum innflytjenda. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Að bjóða upp á fjölbreytt námskeið og námstilboð. <ul style="list-style-type: none"> ○ Að þróa námsleiðir sem koma til móts við þarfir innflytjenda með skipulagðri þarfagreiningu í fyrirtækjum, samfélögum og meðal einstaklinga. ○ Að vera leiðandi hvað varðar nýjungar í tungumálakennslu. ● Að viðhafa markvissa markaðssetningu. <ul style="list-style-type: none"> ○ Í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga með því að bjóða innflytjendum viðtal við náms- og starfsráðgjafa við skráningu í íbúaskrá. ○ Í gegnum fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. ● Innleiða fjölmenningsfræðslu í öll lengri námstilboð innan símenntunarstöðvanna ● Að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir fagstéttir í fullorðinsfræðslu. <ul style="list-style-type: none"> ○ Með stiklunámskeiðum. ○ Með ísbrúarnámskeiðum. ● Að hafa miðlægan gagnagrunn <ul style="list-style-type: none"> ○ Tungumálatorgið. 	<ul style="list-style-type: none"> ● Ekki er reiknað með að yfirmarkmið séu metin sérstaklega. Lögð er áhersla á að meta undirmarkmiðin sem sett eru fram í stefnu Kvasis. Þau eru leið til að ná yfirmarkmiðunum.

Markmið íslenskukennslu:	Leiðir til að ná markmiðum íslenskukennslu	Mat á markmiðum íslenskukennsla
<ol style="list-style-type: none"> 1. Að allir innflytjendur hafi jafnan aðgang að íslenskunámi við hæfi óháð búsetu. 2. Að nemendur geti í það minnsta lokið 240 kest. í íslensku skv. Námskrá menntamálaráðuneytisins 2008. 3. Að samþætta íslenskukennslu og atvinnulíf eins og frekast er kostur. 4. Að til staðar sé nám í starfstengdri íslensku. 5. Að stuðla að því að nemendur eigi kost á því að þjálfa talað mál í samfélaginu. 6. Að námskeið séu nemendum að kostnaðarlausu eða á viðráðanlegu verði. 7. Að kennsla í íslensku fari fram á sveigjanlegum tíma þannig að sem flestir geti stundað nám. 8. Að inntak námsins taki mið af námskrá (2008) og evrópsku tungumálamöppunni. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Mismunandi kennslufyrirkomulag eftir búsetu og staðháttum fólks <ol style="list-style-type: none"> a. fjarkennsla, fyrir t.d. hópa af sama þjóðerni með tvítyngdum kennurum. Einnig má skoða þetta fyrirkomulag með framhaldsnámskeið. b. farkennari, t.d. innan starfssvæða, einn kennari viku í senn 4 sinnum á ári c. lotukennsla, sækja nám t.d. einn laugardag á tveggja-þriggja vikna fresti 2. Beitum okkur fyrir því að nemendum sé gert fjárhagslega kleift að stunda íslenskunám. <ol style="list-style-type: none"> a. ríki b. sveitarfélög c. stéttarfélög d. starfsmenntunarsjóðir e. fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. 3. Að hvetja til að mörkuð sé stefna innan fyrirtækja sem styður við fjölmenningsleg samskipti á íslensku. 4. Starfstengd íslenskukennsla, námskeið á vinnustað eða utan vinnutíma - lagður verður grunnur að módeli fyrir starfstengda íslenskukennslu með fyrirmynd í norska VOX módelinu. 5. Standa að verkefnum í anda t.d. „heimsóknarvina“ stofnun leshringja, saumaklúbba o.s.frv. 6. Samstarf við stéttarfélög, sveitarfélög, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og menntamálaráðuneytið. 7. Fræðsluáðilar beiti sér fyrir því með samkomulagi við vinnustaði/stofnanir að markmið um breytilegan vinnutíma náist. Fjölbreytt tímasetning námskeiða (má líka vera mismunandi milli anna). 8. Halda markmiðum námskrár á lofti og meta reglulega. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Að allir nemendur geti fengið 4 x 60 tíma kennslu í íslensku óháð búsetu. <ol style="list-style-type: none"> a. Fjöldi námskeiða. b. Fjöldi sem klárar námskeið. c. Dreifing eftir búsetu. d. Lengd námskeiða. e. Hlutfall innflytjenda sem hefur sótt íslensku námskeið. 2. Hlutfall innflytjenda sem hafa sótt íslenskunámskeið. 3. Samþætta íslenskukennslu og atvinnulíf <ol style="list-style-type: none"> a. Hlutfall fyrirtækja með erlenda starfsmenn þar sem er virk tungumálakennsla samþætt starfi. (Íslenskir starfsmenn sem tungumálakennarar, merkingar o.fl). b. Hlutfall fyrirtækja með erlenda starfsmenn sem hefur fengið fræðslu. c. Hlutfall fyrirtækja með erlenda starfsmenn með íslensku sem eina virka tungumálið. 4. Starfstengd íslenska á vinnustaðnum – fræðsla inni á vinnustaðnum. 5. Að nemendur nái þeirri færni að geta aðlagast samfélaginu. <ol style="list-style-type: none"> a. Hópamyndanir. b. Fjöldi íslenskra vina. c. Fordómamyndun í samfélaginu. d. 5 stig menningaráfalls. e. Hlutfall innflytjenda með góða íslenskukunnáttu. f. Búferlaflutningar innflytjenda. 6. Að námskeið séu nemendum að kostnaðarlausu. <ol style="list-style-type: none"> a. Hlutfall kostnaðar greiddur af nemendum. 7. Kennsla í íslensku fari fram á dagvinnutíma. <ol style="list-style-type: none"> a. Fjöldi/hlutfall námskeiða haldinn á dagv. tíma. 8. Endurskoðun námskeiðslýsinga símenntunarmiðstöðvanna.

Markmið samfélagsfræðslu:	Leiðir til að ná markmiðum samfélagsfræðslu:	Mat á markmiðum samfélagsfræðslu
<p>1. Að innflytjendur þekki grunnþingli íslensks samfélags (lýðræði, samábyrgð, mannréttindi og einstaklingsfrelsi).</p> <p>a. Að þeir fái fræðslu um málefni fjölskyldunnar s.s. fjármál, trú, siði, heilsu og barnavernd.</p> <p>b. Að fræða um jafnrétti.</p> <p>c. Að innflytjendur styrkist sem einstaklingar í nýju samfélagi.</p> <p>d. Að þeir fái fræðslu og kynnist nærsamfélaginu, stjórnvöldum og helstu stofnunum.</p> <p>e. Að þeir skilji mikilvægi símenntunar og aðlögunar fyrir innflytjendur.</p> <p>f. Að þeir fái fræðslu um íslenska skólakerfið, þekki skólastigin og möguleika sín til fullorðinsfræðslu.</p> <p>g. Að þeir þekki sögu Íslands, menningu og helstu siði og venjur hérlendis.</p> <p>h. Að þeir þekki helstu fjölmiðla og hvar leita megi upplýsinga t.d. www.mcc.is.</p> <p>i. Að þeir þekki helstu „boð og bönn“ t.d. umferðarfræðslu.</p> <p>j. Að þeir fræðist um íslenskt atvinnulíf, réttindi og skyldur, atvinnuleit og gerð ferilskrár.</p>	<p>Leiðir til að ná markmiðum samfélagsfræðslu samanstanda af eftirfarandi:</p> <p>1. Kennslu/fræðslu á námskeiðum að lágmarki 20 kennslustundir.</p> <p>a. Félagfræðikennari / náms- og starfsráðgjafi</p> <p>b. Fyrirlesarar frá stofnunum sem fara með tiltekin mál íslenska þjóðfélagsins</p> <p>c. Fræðsla um lög/réttindi/siðferði</p> <p>d. Vettvangsferðum í viðkomandi stofnanir eins og tók eru á</p> <p>2. Reynslusögum innflytjenda sem hafa reynslu af þessum málum, rata um íslenskt samfélag.</p> <p>3. Söfnun og miðlun fræðsluefnis um samfélagið.</p> <p>4. Handbókargerð:</p> <p>a. Leiðir til að aðstoða fólk við að öðlast nauðsynlegar upplýsinga t.d. á netinu. Sem dæmi, stéttarfélag.....Í hvaða stéttarfélag greiði ég? hversu mikið, hvaða rétt hef ég?</p> <p>b. Skattar, hversu miklir skattar? hvert fer skatturinn?</p>	<p>1. Grunnþingli í íslensku samfélagi (lýðræði, samábyrgð, mannréttindi og einstaklingsfrelsi)</p> <p>a. Hlutfall innflytjenda í fangelsum</p> <p>b. Notkun túlkþjónustu</p> <p>c. Notkun á félagsþjónustu</p> <p>i. Sálfræðiþjónusta</p> <p>ii. Félagráðgjöf</p> <p>iii. Húsaleigubætur</p> <p>iv. Framfærsla</p> <p>v. Öldrunarþjónusta</p> <p>vi. Forvarnir</p> <p>vii. Fötlunarmál</p> <p>viii. Barnaverndarmál</p> <p>2. Styrkja einstaklinginn</p> <p>a. Fjöldi innflytjenda sem fær ráðgjöf.</p> <p>b. Fjöldi einstaklinga sem sækir landnemaskólann eða önnur samfélagsfræðslunámskeið.</p> <p>c. Fjöldi einstaklinga á almennum námskeiðum símenntunarmiðstöðvanna.</p> <p>d. Hlutfall innflytjenda á almennum námskeiðum.</p> <p>e. Kynjahlutfall innflytjenda á almennum námskeiðum.</p>

Markmið náms- og starfsráðgjafar:	Leiðir til að ná markmiðum um náms- og starfsráðgjöf	Mat á markmiðum náms- og starfsráðgjafar
<ol style="list-style-type: none"> 1. Að innflytjendur hafi aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa. 2. Að þeir þekki möguleika sína til að menntun þeirra, reynsla, áhugi, og hæfni nýtist þeim sem best sem og íslensku samfélagi. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Að innflytjendum standi til boða raunfærnimat 2. Að þeir fái ráðgjöf við hæfi og túlk ef þarf 3. Að innflytjendur fái aðstoð við mat á starfsréttindum 4. Að innflytjendur þekki þætti sem þarf að hafa í huga við náms- og starfsval á Íslandi. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Raunfærnimat – <ol style="list-style-type: none"> a. Fjöldi innflytjenda í raunfærnimati. b. Árangur innflytjenda í raunfærnimati. 2. Túlkaaðkoma <ol style="list-style-type: none"> a. Notkun túlka. b. Kostnaður við túlkþjónustu. 3. Mat á starfsréttindum <ol style="list-style-type: none"> a. Fjöldi innflytjenda sem fær viðurkennd starfsréttindi sín á Íslandi. 4. Að ráðþegi þekki leiðir til náms á Íslandi. <ol style="list-style-type: none"> a. Fjöldi innflytjenda í námi að lokinni náms og starfsráðgjöf.

Markmið um endurmenntun og þjálfun leiðbeinenda:	Leiðir til að efla menntun kennara.	Mat á markmiðum um endurmenntun og þjálfun kennara
<ol style="list-style-type: none"> 1. Að kennarar innflytjenda hafi til að bera þekkingu, leikni og færni til að kenna. 2. Að þeir uppfylli gæðaviðmið FA um kennslu fullorðinna. 3. Að kennsluaðferðir miði við kennslufræði tungumálakennslu og fullorðinsfræðslu. 4. Að kennarar uppfylli kröfur um sí- og endurmenntun. 5. Að fræðslumiðstöðvarnar sjái um námskeiðahald til að styrkja kennara. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Kennsluráðgjöf <ol style="list-style-type: none"> a. miðlun b. ráðgjöf c. námsefni 2. Að fræðslumiðstöðvarnar sjái um námskeiðahald til að styrkja kennara. (sjá lið 1) 3. Hvetja til samstarfs kennara, t.d. með námskeiðum um ákveðin málefni, t.d. kennsluaðferðir, nálgun o.fl. 4. Notkun Tungumálatorgs. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Grunnmenntun <ol style="list-style-type: none"> a. Hlutfall kennara með kennsluréttindi. 2. Símenntun <ol style="list-style-type: none"> a. Hlutfall kennara með menntun í fullorðinsfræðslu. b. Hlutfall kennara með menntun í fjölmenningsfræðum. c. Hlutfall kennara sem sótt hafa sérstök námskeið um kennslu útlendinga. d. Hlutfall kennara sem hafa sótt stiklunámskeið. e. Kröfur sem stöðvarnar gera til kennara.

Markmið um fræðslu til starfstétta	Leiðir til fræðslu til starfstétta	Fræðsla til starfstétta
1. Að efla meðvitund um fjölmeningarsamfélagið á Íslandi með það að markmiði að vinna gegn fordómum.	1. Að bjóða fyrirtækjum og stofnunum upp á kennslu í fjölmeningarfræðum. 2. Að bjóða fyrirtækjum og stofnunum upp á fræðslu um íslenskukennslu á vinnustað. 3. Að bjóða fyrirtækjum og stofnunum upp á fræðslu um túlkaþjónustu.	1. Starfsmenn sem íslenskukennarar / námsumhverfi á vinnustaða. 2. Fjöldi/hlutfall starfsmanna sem hafa sótt námskeið. 3. Fræðsla um túlkaþjónustu. a. Notkun túlkaþjónustu. 4. Fræðsla um menningarmun / fordóma. 5. Fjöldi námskeiða. 6. Kennsla í tungumálum. a. Hlutfall starfsmanna sem sækir námskeið. b. Fjöldi námskeiða.

Lokaorð

Meginefni þessarar skýrslu er tillaga að stefnu Kvasis í málefnum innflytjenda. Fjallað er um hlutverk, markmið, leiðir og mat. Hópurinn telur nauðsynlegt að uppfylla framangreind atriði til að auðvelda aðlögun einstaklinga að fjölmennningarlegu samfélagi.

Margt er vel gert og hópurinn telur að faglega sé unnið að fræðslu og ráðgjöf til innflytjenda, en frekari úrbóta er þörf. Sérstaklega þarf að huga að auknu samstarfi fræðsluaðila og samfélagsins.

Þar má nefna: **Meiri ábyrgð og þátttöku stofnana samfélagsins s.s.**

1. Ríkisins.

Auka þarf stórlega fjárframlög til íslenskunámskeiða þannig að tryggt sé að allir njóti fræðslu við hæfi án tillits til búsetu og fjárhags.

2. Sveitarfélaga.

Innflytjendum sé tryggð fræðsla um grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Auk þess veiti sveitarfélagið innflytjendum upplýsingar um námsmöguleika og beini þeim til næstu símenntunarmiðstöðvar sem veitir frekari þjónustu.

3. Samtaka vinnumarkaðarins.

Innflytjendum sé gert kleift að stunda nám (íslenska og samfélagsfræði) innan dagvinnumarka.

Það er von starfshópsins sem unnið hefur að þessu verkefni að skýrslan verði vegvísir fyrir áframhaldandi vinnu og þróun í fræðslumálum innflytjenda.

Samið í júní – 2011

Laufey Eiríksdóttir

